



Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
Borgartún 12 -14
105 Reykjavík

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 frn@frn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 8. september 2020
Tilv.: FRN20060253/06.32

Efni: Framtíð öryggisgæslu og öryggisvistunar í Reykjavík.

Vísað er í fyrri samskipti við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar þar sem framtíð starfsemi öryggisgæslu og öryggisvistunar í Rangárseli hefur verið til umfjöllunar. Í þessu sambandi telur ráðuneytið rétt að upplýsa að nú er unnið að heildarendurskoðun á öryggisgæslu og öryggisvistun á Íslandi sem hefur það markmið að skapa nýja umgjörð og móta nýtt innihald þjónustunnar. Meginlínur slíkrar endurskoðunar beinast einkum að fjórum þáttum:

1. Mótun stefnu í málaflokknum sem ber m.a. með sér ítarlega kortlagningu og greiningu á stöðu þeirra sem þurfa á öryggisgæslu og öryggisvistun að halda. Jafnframt verður unnin sérstök framkvæmdaáætlun um hvernig stefnunni verði komið í framkvæmd. Þessi stefna verður tilbúin til kynningar og umræðu í október n.k.

2. Endurskoðun laga sem hafa áhrif á framkvæmd öryggisgæslu og öryggisvistunar á Íslandi. Þar má nefna lög málefni málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir og lög um réttindagæslu fatlaðs fólks ásamt hegningarlögum og lögræðislögum í samráði við dómsmálaráðuneytið. Sérstök lög verða samin um öryggisþjónustu á Íslandi, þ.e. lög um öryggisgæslu- og öryggisvistun þar sem skilgreind verða hlutverk og aðkoma ríkis og sveitarfélaga að framkvæmd þjónustunnar. Þetta lagafrumvarp hefur verið sett á þingmálaskrá félags- og barnamálaráðherra fyrir haustið 2020 og er gert ráð fyrir að þessi lög verði afgreidd eigi síðar en í desember næstkomandi. Samþykkt þessara laga mun þá taka af allan vafa um það að öll öryggisgæsla og öryggisvistun sem kemur til á grundvelli dómsúrskurðar verður á ábyrgð ríkisins. Þessi lög munu þá einnig bera með sér að öryggisþjónusta ríkisins geti tekið að sér að veita skjólstæðingum félagsþjónustunnar sem taldir eru þurfa á tímabundninni öryggisvistun að halda meðferð með það að markmiði að þeir geti að þeirri meðferð lokinni á ný nýtt sér þjónustu sveitarfélaga.


3. Umgjörð og innihald þjónustunnar til framtíðar verði með þeim hætti að húsnæði verði hannað og byggt í samræmi við ítrustu kröfur um þjónustu af þessu tagi. Þetta þýðir að allt einstaklingsrými og öll almenn umgjörð tryggi öryggi einstaklingsins og aðstoðarfólks og annarra sem eiga í samneyti við einstaklinginn. Framkvæmdasýslu ríkisins verður falið að hafa yfirumsjón með byggingu framtíðarhúsnæðis sem nú er unnið að undibúningi að. Gert ráð fyrir að húsnæðið verði fullbyggt í byrjun árs 2023. Uppbygging á faglegu innihaldi þjónustunnar verður unnin í samstarfi við geðsvið Landspítala og Keili á Suðurnesjum. Á næstu vikum verður formlega óskað eftir samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu um útfærslu þjónustunnar til skemmri tíma eða þar til nýtt húsnæði verður tekið í notkun.

4. Að tryggt verði samráð og samvinna ráðuneyta þegar upp kemur bráðavandi.

Í ljósi þess sem að framan greinir óskar ráðuneytið eftir áframhaldandi samstarfi við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar um hvernig stuðningsþarfir þeirra tveggja einstaklinga sem nú búa í Rangárseli verða leystir til skemmri tíma. Fyrir liggur að unnið er að lausn fyrir tvo einstaklinga sem búa í Rangárseli. Óskað er eftir því að gerður verði samningur á milli Velferðarsviðis Reykjavíkurborgar og ráðuneytisins um að sviðið annist þjónustuna til 1. mars 2021 en þá verður búið að skjóta nauðsynlegum lagastoðum undir starfsemi öryggisþjónustu ríkisins til framtíðar.

Fyrir hönd félags- og barnamálaráðherra


Erna Kristín Blöndal


Þor G. Þórarinnsson